

## **Ályktun frá fundi 8. mars 2007:**

Opinn fundur haldinn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti sendir frá sér eftirfarandi ályktun:

Í réttlátu þjóðfélagi njóta allir þjóðfélagsþegnar jafnra tækifæra og eiga jafnan rétt til heilbrigðisþjónustu, menntunar og þátttöku í samfélaginu. Í réttlátu samfélagi er varinn réttur þeirra sem ekki þekkja réttindi sín og tekið tillit til sjónarmiða þeirra hópa, sem erfiðast eiga.

Samdráttur í ríkisafskiptum og einkavæðing nauðsynlegrar þjónustu kemur hart niður á konum sem bera hita og þunga af því misrétti sem er hér á landi. Þær eru margar hverjar tekjulægstar en hafa þá ábyrgð að sjá um að framfæra fjölskyldum.

Við hvetjum stjórnvöld til að setja mannsæmandi líf skjör fólks ofar fjármagnshyggju, varðveita velferðarkerfi og berjast gegn mansali og vinnuþrælkun.

Við hvetjum til samstöðu gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu.

Við krefjumst raunhæfra aðgerða til að breyta skiptingu auðæfa heims og stuðla að bættum hag kvenna um allan heim.